

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki,  
nr. 152/2009 (framlenging bráðabirgðaákvæða).

(Eftir 2. umræðu, 15. júní.)

1. gr.

Í stað orðanna „og 2022“ í ákvæði til bráðabirgða I í lögnum kemur: 2022 og 2023.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða II í lögnum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. másl. 1. mgr. 10. gr. skal hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti frá álögðum tekjuskatti árið 2023 vera samtals 1.000.000.000 kr., þar af skal heimilt að telja til þeirrar fjárhæðar allt að 200.000.000 kr. vegna aðkeyptrar rannsóknar- eða þróunarvinnu skv. 6. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

